

## Úrskurður kjörnefndar skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998

Föstudaginn 15. júní 2018 kveður kjörnefnd, sem í sitja lögmennirnir Óskar Sigurðsson, Sigurður Jónsson og Torfi Ragnar Sigurðsson, upp úrskurð í máli þessu.

### I.

#### Málsmeðferð og kröfur.

1. Mál þetta hófst með kæru Trausta Hjaltasonar, [REDACTED] til Sýslumannsins í Vestmannaeyjum sem var móttokin 1. júní 2018 vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fóru í Vestmannaeyjum 26. maí 2018. Með bréfi Sýslumannsins í Vestmannaeyjum dagsettu 4. júní 2018 voru ofangreindir skipaðir í kjörnefnd til að úrskurða um hina fram komnu kæru.
2. Í kærubréfi segir að kærán taki annars vegar til fjögurra utankjörfundaratkvæða sem yfirkjörstjórn hafi úrskurðað ógild og hins vegar til myndbirtingar á samfélagsmiðlum á mynd sem er sögð hafa verið tekin í kjörklefa af atkvæði einstaklings. Jafnframt segir í kærinni að kærandi geri athugasemd við að útgefnir kjörseðlar stemmi ekki við greidd atkvæði. Í kærinni er aðallega gerð sú krafa að utankjörfundaratkvæðin fjögur verði talin með og atkvæðið sem birt var á samfélagsmiðli verði dæmt ógilt. Til vara er sú krafa gerð að atkvæðagreiðslan í heild sinni verði dæmd ógild.
3. Kjörnefnd barst þann 9. júní 2018 umsögn yfirkjörstjórnar Vestmannaeyja um kærana. Jafnframt hefur nefndin yfirfarið það sem bókað var á kjördegi í gerðabók yfirkjörstjórnar. Nefndin fundaði 6. og 12. júní sl. Þann 13. júní fór kjörnefndin á vettvang á kjörstað undir leiðsögn Jóhanns Péturssonar, formanns yfirkjörstjórnar Vestmannaeyjabæjar. Kjörnefndin átti jafnframt fund með formanni þar sem hann skýrði málið fyrir kjörnefnd. Þann sama dag fundaði kjörnefnd einnig með kæranda, sem átti sæti á D-lista, og sömuleiðis með Ólafi Lárussyni, umboðsmanni H-lista. Þá hefur nefndin rætt við þau Sigurberg Ármannsson, sem var umboðsmaður D-lista, Páleyju Borgþórsdóttir, varamann í yfirkjörstjórn og starfsmann á kjörstað, og loks við Kristján Egilsson, dyravörð á kjörstað, allt í því skyni að upplýsa nánar um málavexti. Nefndin fundaði síðan á Selfossi að kvöldi 13. júní, aftur þann 14. júní og loks 15. júní 2018 til frágangs og uppkvaðningar úrskurðar.

### II.

#### Meðferð fjögurra utankjörfundaratkvæða.

4. Yfirkjörstjórn taldi þessi atkvæði ógild vegna þess að þau hefðu borist eftir lokun kjörstaðar. Í gerðabók yfirkjörstjórnar er eftirfarandi bókað á kjördag varðandi framangreind atkvæði greidd utan kjörfundar: „Kjörstjórnarmennirnir Jóhann Pétursson og Þór Í. Vilhjálmsson voru á ganginum fyrir utan kjörfundarstofu. Héldum við á sitt hvorum farsíma. Við bárum saman tímann á báðum sínum og þegar á sömu sekúndu og símarnir báðir sýndu tímann 22:00 gekk Jóhann út um útidyrnar og kallaði tvisvar „kosningu er lokið, kosningu er lokið“. Í þann mund sem Jóhann lýkur síðara kalli utan við dyrnar kemur Páley Borgþórsdóttir varamaður í kjörstjórn hlaupandi með 4 utankjörfundaratkvæði. Fóru

*Jóhann og Páley saman inn um útidyrnar. Niðurstaða kjörstjórnar er að þessi atkvæði hafi borist of seint og dæmist ógild.“*

5. Í umsögn yfirkjörstjórnar segir ennfremur að yfirkjörstjórnarmennirnir Jóhann og Þór hafi verið staddir innandyrna í forstofu (biðstofu) utan við kjörfundarstofur. Á þessum tíma voru þar einnig umboðsmaður H-listans, tveir dyraverðir og húsvörður. Þegar að farsímar beggja yfirkjörstjórnarmanna sýndu á sömu sekúndu 22:00 sagði Þór: „Tíminn er kominn, kosningunni er lokið“ og játti Jóhann því. Því næst gekk Jóhann sjö til átta skref, út úr forstofu, gegnum anddyri og út um útidyr. Gekk eitt til tvö skref út og kallaði framangreint um að kosningu væri lokið. Í þann mund sem að síðari kalli lauk kom Páley Borgþórsdóttir, varamaður í yfirkjörstjórn, hlaupandi fyrir horn barnaskólans að austan með umslag í hendi. Eru um 20 metrar þaðan að framangreindum útidyrum. Jóhann beið eftir Páleyju og gengu þau saman inn um útidyrnar í anddyri. Var formanni yfirkjörstjórnar þar afhent umrædd atkvæði.
6. Þannig er enginn ágreiningur innan yfirkjörstjórnar að klukkan hafi verið orðin 22 að kvöldi kjördags þegar utankjörfundaratkvæðin fjögur komu í hús.
7. Yfirkjörstjórn telur að kosningunni hafi lokið þegar að klukka á sínum Jóhanns og Þórs sýndi, á sömu sekúndu, 22:00 og að utankjörfundaratkvæði, sem bárust síðar, séu þess vegna of seint komin og ógild, sbr. 66. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna sem og 3. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Ekki er heimild fyrir því í lögum að taka á móti utankjörfundaratkvæðum eftir að kosningu lýkur. Yfirkjörstjórn telur að tilvísun í kærnu til 2. mgr. 66. gr. laganna þess efnis að kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eigi þó rétt á að greiða atkvæði, taki aðeins til þess tilviks þegar kjósandi hafi komið á kjörstað fyrir lok kjörfundar og gefi sig þar fram. Eingöngu í því tilviki getur kjósandi kosið eftir að auglýstum kjörfundi lýkur. Yfirkjörstjórn telur að framangreint ákvæði laga taki því ekki til þess tilviks sem hér um ræðir, að öðru leyti en því að kosningu ljúki eigi síðar en kl. 22 á kjördag.
8. Samkvæmt þessu og eftir viðtöl við ofangreinda einstaklinga, sem að málinu komu, telur nefndin það liggja ótvírætt fyrir að hin umdeildu atkvæði hafi komið í hús eftir að klukkan varð 22. Eftir að klukkan sló 22 fór formaður yfirkjörstjórnar út fyrir dyr og kallaði að kosningu væri lokið. Það er því úrlausnarefni nefndarinnar hvort utankjörfundaratkvæði sem koma í hús, þ.e. inn á kjörstaðinn rétt eftir lokun kjörstaðar, á tímanum milli kl 22:00 og 22:01 skuli tekin til greina.
9. Ákvæði 66. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna hljóðar svo:  
*„Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósendi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósendi gaf sig síðast fram. Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.“*
10. Í athugasemdum við 65. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 (66. gr. í dag) segir að ákvæðið sé samhljóða 93. gr. laga um kosningar til Alþingis (89. gr. núgildandi laga). Síðarnefnda ákvæðið kom inn með lögum nr. 91/1957 um breytingu á lögum nr.

80/1942 um kosningar til Alþingis, nánar tiltekið með 3. gr. þeirra laga. Í athugasemdum með greindu ákvæði í frumvarpi því er varð að lögum nr. 91/1957 um breytingar á lögum nr. 80/1942 sagði orðrétt:

*„Í lögnum eru skýr ákvæði um það, hvenær kjörfundir skuli hefjast. Í kaupstöðum skal byrja kjörfund kl. 10 á kjördag, en annars staðar kl. 12. Hins vegar eru ákvæðin um slit kjörfundar ekki jafnskýr, og hafa þau leitt til mismunandi framkvæmdar eftir skilningi og skýringum hinna ýmsu kjörstjórna. Slíkt ástand er óviðunandi. Til dæmis hefur yfirkjörstjórn hér í Reykjavík skilið það ákvæði 97. gr. laganna, að þegar kjörfundur hefur staðið í 12 tíma, megi ekki slíta fundi fyrr en stundarfjórðungur sé liðinn, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram, á þann hátt, að hún hefur haldið áfram kjörfundi, löngu eftir að kjördagur var liðinn. Hér er lagt til, að þetta ákvæði falli niður, en skýrt ákvæði komi í staðinn, þar sem fyrir er mælt, að kjörfundi skuli alls staðar slíta í síðasta lagi kl. 23 með þeim eina fyrirvara, að þeir kjósendur, sem þá hafa gefið sig fram við kjörstjórn á staðnum, fái að kjósa. Þetta mundi í framkvæmd verða þannig, að útidyrum kjörfundarhúss yrði lokað kl. 23 og þeir, sem þá væru komnir inn í húsið, gætu kosið. Eftir 97. gr. þannig breyttri ætti kjörfundur í kaupstað ekki að geta staðið lengur en 13 klukkustundir, og virðist það nægilegur tími. Eðlilegast virðist, að um þetta séu skýr ákvæði í lögum.“*

11. Í nefndarálitni meirihluta allsherjarnefndar sem fylgdi frumvarpinu var tiltekið að frumvarpið miðaði yfirleitt í þá átt að gera skýrari og ákveðnari fyrirmæli gildandi kosningalaga um takmörkun áróðurs á kjördegi og þá sérstaklega að koma í veg fyrir áróðursstarfsemi á kjörstað. Þá sagði orðrétt: „M.a. er í frv. glögglega mælt fyrir um, hvenær kjörfundi skuli slíta. Er þá, ef frv. verður að lögum komið í veg fyrir, að kosningin geti dregizt fram yfir miðnætti og þar með fram yfir hinn lögákvæðna kjördag. Samkv. frv. ber að slíta kjörfundi eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, þó þannig, að þeir, sem þá hafa gefið sig fram á kjörstað, geti greitt atkvæði.“
12. Eini munurinn á nýmæli því sem fólst í 3. gr. laga nr. 91/1957 um breytingu á lögum nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis og núgildandi 66. gr. laga um kosningar til sveitastjórna er að í gildandi lögum er tilgreint að kjörfundi skuli slíta eigi síðar en kl. 22 á kjördag en áður var það kl. 23 á kjördag. Annars er það samhljóða. Því er hægt að hafa framangreint til hliðsjónar við túlkun á ákvæði 66. gr. laga nr. 5/1998.
13. Í 66. gr. laga nr. 5/1998 segir að kjörfundi skuli slíta eigi síðar en kl. 22 á kjördag. Því verður að líta svo á að klukkustundin sem liður milli 21-22 sé sú síðasta í skilningi ákvæðisins. Lok síðustu klukkustundar ákvæðisins er því kl. 22. Til samanburðar má benda á reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti í gerðum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Þar segir m.a. í a-lið 2. mgr. 3. gr. að hefjist tímabil sem reiknað er í klukkustundum við upphaf fyrstu klukkustundar tímabilsins þá endi það við lok síðustu klukkustundar tímabilsins.
14. Þótt vilji kjósenda sé hafður að leiðarljósi við úrlausn um ritun á kjörseðil þá nær hann ekki til framkvæmda á kosningum sem er formleg athöfn og bundin skýrum fyrirmælum í lögum. Ljóst er að löggjafinn vildi með breytingu á kosningalöggjöfni árið 1957 hafa skýra festu á framkvæmd kosninga og hvenær í síðasta lagi ætti að slíta kjörfundi. Af því leiðir að hafi utankjörfundaratkvæði ekki borist áður en kjörfundi er slitið, í síðasta lagi kl. 22, skal það

ekki tekið til greina, sbr. 1. mgr. 50. gr. og 68. gr. laga nr. 5/1998. Ákvæði 2. málsliðar 2. mgr. 66. gr. laganna, að hafi kjósandi gefið sig fram fyrir þann tíma, eigi hann þó rétt á að kjósa, getur eingöngu tekið til þess tilviks að kjósandi hafi komið á kjörstað fyrir lok kjörfundar samkvæmt framangreindu og gefið sig fram. Ljóst er að það á ekki við í því tilviki sem hér um ræðir.

15. Vegna athugasemda í kæru um slæmar aðstæður umrætt sinn og erfitt hafi verið að koma utankjörfundaratkvæðum til Vestmannaeyja vegna veðurs og sjólags þá getur það ekki breytt framangreindri niðurstöðu, enda lögin skýr hvað varðar slit kjörfundar. Þá má ætla að þessir erfiðleikar hafi bitnað jafnt á öllum framboðslistum og líklegt að fleiri utankjörfundaratkvæði en þessi fjögur hafi ekki komist til skila í tæka tíð.
16. Kjörnefnd tekur fram að í gerðabók yfirkjörstjórnar er tiltekið að umrædd utankjörfundaratkvæði séu ógild. Þetta orðalag er ekki nákvæmt. Samkvæmt lögum nr. 5/1998 er það ekki svo að utankjörfundaratkvæði sem berast of seint skuli metin ógild. Ef utankjörfundaratkvæði berst of seint þá kemur það ekki til álita og er ekki tekið til greina, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 5/1998. Það telst því ekki til greiddra atkvæða og kemur aldrei til uppgjörs.
17. Af framangreindu leiðir að þessi fjögur utankjörfundaratkvæði var ekki hægt að taka til greina og er niðurstaða yfirkjörstjórnar því staðfest með greindum forsendum.

### III.

#### Atkvæði birt á samfélagsmiðli.

18. Í öðru lagi finnur kærandi að því í kæru að kjósandi H-lista hafi tekið mynd af atkvæði sínu og birt það á samfélagsmiðlinum Facebook. Telur kærandi, með vísan til 1. mgr. 64. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, að atkvæðið skuli teljast ógilt.
19. Yfirkjörstjórn segir í umsögn sinni: „Yfirkjörstjórn telur að slík birting valdi almennt ekki ógildi atkvæðis. Slík birting gæti hins vegar verið refsiverður verknaður skv. d. lið 1. mgr. 102. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar. Af myndinni má ráða að um utankjörfundaratkvæði er að ræða en að öðru leyti þekki yfirkjörstjórn ekki til málsins og telur það ekki á sínu verksviði. Tilvísun í kæru til 1. mgr. 64. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar á aðeins við um atkvæði sem ekki eru lögð í atkvæðiskassa en ekki um birtingu atkvæðisseðils eftir að hann er lagður í kassa. En eins og að framan greinir þekkir yfirkjörstjórn ekki til þess tilviks sem vísað er til í kæru að öðru leyti og fór engin rannsókn eða skoðun fram á framangreindri myndbirtingu af hálfu yfirkjörstjórnar.“
20. Kjörnefnd bendir á að við bókun á móttöku utankjörfundaratkvæða í gerðarbók kjörstjórnar voru engin andmæli bókuð af hálfu umboðsmanna framboðslista er varða framangreinda myndbirtingu. Kjörnefnd tekur undir með yfirkjörstjórn að 1. mgr. 64. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna á aðeins við um atkvæði sem ekki hafa verið lögð í atkvæðiskassa en tekur ekki til birtingar á atkvæðisseðli eftir að hann hefur verið lagður í kassa.

21. Með vísan til framangreinds telur kjörnefnd að sú myndbirting, eins og henni var lýst í framkominni kæru, geti ekki valdið ógildi atkvæðis.
22. Kjörnefnd tekur ekki afstöðu til þess hvort sú birting sem lýst er í kæru geti talist refsiverður verknaður með vísan til d. liðar 1. mgr. 102. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

#### IV.

##### Misræmi milli útgefna kjörseðla og greiddra atkvæða.

23. Í þriðja lagi gerir kærandi athugasemd við að útgefni kjörseðlar stemmi ekki við greidd atkvæði.
24. Í umsögn sinni segir yfirkjörstjórn: „Þegar talin voru atkvæði greidd á kjörfundi (þ.e. að frátöldum utankjörfundaratkvæðum) þá komu samtals 953 atkvæði uppúr báðum kjörkössum II. kjördeildar, en skv. skráningu II. kjördeildar voru þau 954. Yfirkjörstjórn leitaði skýringa m.a. með endurtalningu. Með því að ónotaðir seðlar voru skv. fundargerðarbók II. kjördeildar taldir 1147 og atkvæðisseðlar þannig samtals 2.101 en ekki 2.100, eins og afhentir voru til II. kjördeildar í upphafi kjördags, var talið líklegast að skýringin fælist í rangri skráningu á greiddum atkvæðum hjá kjördeildinni.“
25. Kjörnefnd telur ómögulegt með tilliti til málsatvika að staðreyna með fullri vissu hver ástæða framangreinds misræmis er. Á fundi kjörnefndar með formanni yfirkjörstjórnar kom fram að sú staða gæti komið upp við framkvæmd kosninga að aðeins einn meðlimur kjörstjórnar væri í hvorri kjördeild með eintak kjörskrár og sæi þá um skráningu hvers kjósanda um leið og hann hefði neytt kosningarréttar síns. Hugsanlega gæti misræmi hafa komið til með þeim hætti að merkt hafi verið við nafn kjósanda í kjörskrá án afhendingar kjörseðils við slíkar aðstæður. Kjörnefnd átelur að slík framkvæmd geti komið til við kosninguna með vísan til 52. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, en í því ákvæði er tiltekið að minnsta tveir aðilar kjörstjórnar hafi hvor sitt eintak kjörskrár og merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.
26. Kjörnefnd telur að umrætt misræmi milli greiddra atkvæða og útgefna kjörseðla hafi ekki verið til þess fallið að hafa áhrif á úrslit og valdi því ekki ógildingu á kosningunni, sbr. 94. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórnar.

#### V.

##### Varakrafa um ógildingu kosninganna.

27. Það leiðir af framangreindu að varakröfu kæranda um ógildingu kosninganna í heild er hafnað, sbr. 94. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.

\*\*\*

Úrskurðarorð:

Staðfest er niðurstaða yfirkjörstjórnar Vestmannaeyjabæjar þess efnis að fjögur utankjörfundaratkvæði, sem bárust á kjörstað i Vestmannaeyjum eftir að klukkan sló 22 á kjördag, hafi borist of seint og skuli ekki taka til greina

Birting atkvæðis á samfélagsmiðli, sem kærán lýtur að, veidur ekki ógildi atkvæðisins

Ekki má ætla að misræmi milli útgefna kjorseðla og greiddra atkvæða hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Varakrófu kæranda um ógildingu kosninganna i heild er hafnað.

Selfossi, 15. júní 2018

  
Óskar Sigurðsson

  
Sigurður Jónsson

  
Torfi Ragnar Sigurðsson